

## Námsvísir 6. bekkur stærðfræði

**Fag :** Stærðfræði 6.bekkur

**Kennari :** Freyja Ólafsdóttir og Katrín Benediktsdóttir

**Tímafjöldi á viku:** 6 tímar að meðaltali

**Kennsluaðferðir og skipulag:** Innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir, spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.

### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir
<b>Heilbrigði og velferð</b>	Nemendur hvattir áfram með jákvæðri styrkingu.
<b>Jafnrétti</b>	Allir nemendur hafa jafnrétti til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	Réttur allra er virtur og tekur lýðræðislegar ákvarðanir í hópum eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
<b>Læsi</b>	Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læri að lesa tölfræðigögn.

<b>Sjálfbærni</b>	Nemendur læra að nýta vel öll þau gögn sem unnið er með í stærðfræði. Gætt er að jafnræði í allri námsvinnu.
<b>Sköpun</b>	Nemendur nota ýmsar aðferðir s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit til útskýringa á stærðfæðiverkefnum. Nemendur vinna skapandi verkefni í hópastarfi.

## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði:	Stíka 2a og 2b nemendabók og æfingahefti. Verkefni frá kennara. Ýmis verkefni af t.d. mms og þrautalausnir þar sem nemendur vinna í SeeSaw. Stærðfræðispjall.	Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.  Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.  Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á	Innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir, spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.	Sjálfsmat Leiðsagnarmat Kaflapróf, haustpróf, vorpróf.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar:				



		<p>Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.</p> <p>Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.</p> <p>Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</p> <p>Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi</p> <p>Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.</p> <p>Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.</p> <p>Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin</p>		
--	--	--	--	--

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar		<p>gögn, skráningu og upplýsingatækni.</p> <p>þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</p>		